

IMMI, alþjóðleg stofnun um upplýsinga- og tjáningarfrelsi
Austurstræti 14, 101 Reykjavík, Iceland
info@immi.is / <http://www.immi.is>



Nefndarsvið Alþingis

20. mars 2015

IMMI, alþjóðleg stofnun um upplýsinga- og tjáningarfrelsi, fagnar því að fram er komið frumvarp um sannleiksskyldu ráðherra. Meðal hugsjóna stofnunarinnar eru tjáningarfrelsi, traustari stoðir lýðræðis, gegnsæi og aðhald á stjórnvöld. Markmið frumvarpsins er að festa upplýsingaskyldu ráðherra gagnvart Alþingi betur í sessi og myndi samþykkt frumvarpsins einnig hafa jákvæð áhrif fyrir gegnsæi og upplýsingarétt almennings, þar eð ráðherra væri skylt að skýra þinginu satt og rétt frá; ekki einungis á lokuðum nefndarfundum heldur einnig úr ræðustól Alþingis, í skriflegum svörum við fyrirspurnum, skýrslum o.s.frv. IMMI mælir því eindregið með því að frumvarpið verði samþykkt og lýsir furðu yfir að þessi breyting hafi ekki verið gerð á lögum um ráðherraábyrgð fyrr.

Virðingarfyllt

Fyrir hönd IMMI,

Guðjón Idir Guðnýjarson
Framkvæmdastjóri IMMI